

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn, nr. 901/2012.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237, 4. mars 2011 og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, heitt vatn, nr. 901/2012, er tekur gildi daginn eftir birtingu í Stjórnartíðindum.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Veitusvæði</i>	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Grunnur</i>
Einingaverð	Sala í þéttbýli, húshitun	93,30	1,87	kr./m ³

<i>Tegund</i>	<i>Veitusvæði</i>	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Grunnur</i>
Einingaverð	Sala í þéttbýli, til snjóbræðslu	93,30	1,87	kr./m ³
Einingaverð	Sala í þéttbýli, til iðnaðar	93,30	1,87	kr./m ³

<i>Tegund</i>	<i>Stærð mælis</i>	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Grunnur</i>
Fast verð	A: 15 mm og stærri	23,60	0,47	kr./dag

Fast gjald er hluti af almennum taxa og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er óháð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Fast gjald á heimæð fyrir hús allt að 300 m ³ að stærð	kr. 237.197
Umframgjald fyrir hús 300-1.000 m ³ að stærð	kr. 283 pr. m ³
Umframgjald fyrir hús yfir 1.000 m ³ að stærð	kr. 189 pr. m ³
1 rennismælir á grind	kr. 75.037

4. gr.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. janúar 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.